

RARIK ohf.
Dvergshöfða 2
110 Reykjavík

Reykjavík, 8. júlí 2021
Tilvísun: OS2018080031/10.5
Verknúmer: 435-3120

Efni: Ákvörðun Orkustofnunar vegna kvörtunar RARIK ohf. um kröfu Landnets hf. um greiðslu kerfisframlags fyrir virkjun Landsvirkjunar í Bjarnarflagi

Þann 27. ágúst 2018 barst Orkustofnun kvörtun frá RARIK ohf. (RARIK). Kvörtunin snýr að því að Landsnet ohf. (LN) hafi beitt netmála D3 við innheimtu kerfisframlags af dreifiveitu vegna breytingar á tengivirki við Kröflu, en það hafi verið óheimilt samkvæmt netmálanum sjálfum. Auk þess er kvartað undan því að innheimt kerfisframlag hafi verið undir þeim mörkum sem sett eru fyrir því að grundvöllur skapist fyrir innheimtu kerfisframlags.

Orkustofnun vekur athygli á því að allt of langan tíma hefur tekið leysa úr kvörtuninni. Það á sér nokkrar samverkandi ástæður en hlutaðeigandi aðilar eru beðnir afsökunar á drættinum sem orðið hefur á úrlausn kvörtunarinnar.

Málsatvik

Vegna kvörtunar RARIK, óskaði Orkustofnun eftir frekari gögnum og skýringum frá RARIK um málsatvik þann 25. september 2018. Fyrirtækið svaraði beiðninni 2. október 2018 og skýrði frekar framkvæmdina og tilurð hennar meðal annars með gögnum um samskipti við Landsvirkjun (LV). Í minnisblaði LV til RARIK, dags. 2. des 2016 um fyrirhugaða tengingu gufustöðvar við Bjarnarflag inn á dreifikerfi RARIK, kemur fram að þáverandi stærð spennis við tengivirki við Kröflu anni ekki virkjuninni sem tengist flutningskerfinu í gegnum dreifikerfið í umsjá RARIK. Því óskaði LV eftir „að RARIK hlutist til um það að stærð umrædds spennis verði 6,3 MVA en ekki 3,15 MVA“ eins og þá var. Fram kemur enn fremur í minnisblaðinu að áætlaður kostnaður nýs spennis verði um 45 m.kr. (sem LN greiddi sem eigandi flutningskerfisins) og LV ábyrgist áætlaða hlutdeild RARIKS í kostnaði vegna spennisins sem kerfisframlags að fjárhæð 18 m.kr. Þetta gerði LV með fyrirvara um að möguleg hlutdeild LV í kostnaði stæðist reglugerð um framkvæmd og ákvæði raforkulaga og þá eftir atvikum yrði þessi kostnaður endurgreiddur frá RARIK til LV, stæðist ekki að krefja RARIK um kostnað vegna stækkunar spennisins.

Í tölvupósti frá RARIK ohf. til LN, sem er dagsettur 6. desember 2016, kemur fram að með tilvísun í fyrri samskipti um kostnað vegna stækkunar tengispennis í Kröflu sé tekið fram að nauðsynleg stærð tengispennis sé háð aflgetu gufustöðvarinnar við Bjarnarflag, sem LV áformaði að endurnýja en RARIK myndi ekki taka á sig viðbótarkostnað vegna tengikostnaðar í Kröflu án þess að LV greiði þann kostnað. Í tölvupóstinum staðfestir RARIK ósk um stækkun tengispennis í Kröflu upp í 6,3 MVA og fellst á greiðslu kostnaðar vegna þess, en áskilur sér þó rétt til að krefja LN um endurgreiðslu þess kostnaðar ef í ljós kemur að fyrirvari LV um greiðsla kostnaðarins standist ekki ákvæði reglugerðar nr.1040/2005 og ákvæði raforkulaga. Enn fremur kemur fram í tölvupóstinum að „RARIK hefur enda heimild til þess að krefjast þess af virkjunaraðila skv. ákvæðum um 25. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga sem heimilar dreifiveitu að krefjast greiðslu kerfisframlags“.

Eftir yfirferð á fyrirliggjandi gögnum málsins 5. nóvember 2018, kannaði Orkustofnun hug RARIK á því að falla frá kvörtuninni. Þessa könnun á vilja RARIK til að fella niður kvörtunina, byggði Orkustofnun á þeirri staðreynd að LV greiddi kröfu LN um kerfisframlag vegna stækkunar á spenni

milli dreifikerfis og flutningskerfis, sem tilkomin var vegna beiðni LV og RARIK hafði því ekki hlotið neitt tjón af fyrirkomulaginu. Þann 6. nóvember 2018 ítrekaði RARIK fyrri afstöðu um að Orkustofnun úrskurðaði um lögmæti þess að LN krafði RARIK um greiðslu kerfisframlags vegna virkjunar sem tengist flutningskerfinu í gegnum dreifiveitu. Orkustofnun mat í kjölfarið að kvörtunarefnið hefði efnislega þýðingu fyrir skil á rekstarmörkum dreifiveitna og flutningsfyrirtækið og tók ákvörðun um að taka málið til meðferðar.

Endurbætt Bjarnarflagsvirkjun komst í fullan rekstur árið 2019 eftir að endurbætur hófust í mars 2018. Virkjunin er nú tengd flutningskerfi LN í gegnum dreifkerfi RARIK við Kröflustöð.

Þann 4. apríl 2019 sendi Orkustofnun erindi sem innihélt frekari spurningar og beiðni gögn og afstöðu LN til kvörtunar RARIK um stækkun spennis í tengipunkti við Kröflu. Ítrekað var óskað eftir svari við fyrirspurninni þann 13. júlí 2019 og barst svar frá LN þann 9. ágúst 2019. Auk svars við fyrirspurninni voru send með fylgigögn um tilurð verkefnisins.

Í svari Landsets kemur fram að á við hönnun og undirbúning á nýju 220 kV tengivirki LN við Kröflustöð var fyrirhugað var að breyta jafnframt fyrirkomulagi (11kV) tengipunktar LN og RARIK á svæðinu. Ástæðurnar voru að truflanir voru af tengingunni fyrir rekstur Kröflustöðvar og hafði LV óskað óformlega eftir endurnýjun búnaðar á tengipunktinum vegna þess, hugmyndir voru um aukna framleiðslu í Bjarnarflagsstöð og að lokum hafði LN leigt búnaðinum af LV. Í nóvember 2016 tilkynnti svo LN RARIK með tölvupósti að tengipunktur RARIK yrði fluttur yfir í nýjan tengipunkt í Kröflu en að miðað væri áfram við óbreytt samningsákvæði fyrir 3,15 MVA spennis sem þýddi þá óbreyttan flutning og framleiðslu a raforku í Bjarnarflagi sem flytja þurfti inn á flutningskerfið í gegnum tengipunkt RARIK við LN. Í tölvupóstinum var óskað staðfestingar á því hvort þörf sé á stækkun spennis í 6,3 MVA og hvernig farið skyldi með skiptingu kostnaðar. Eins og áður hefur komið fram staðfesti RARIK með tölvupósti, dags. 6. desember 2016, ósk sína um stækkun tengispennis í Kröflu í 6,3 MVA og féllst á greiðslu kostnaðar vegna stækkunar hans, með þeim áskilnaði að krefjast endurgreiðslu hans, ef fyrirvari LV um þann kostnað reyndist réttmætur þ.e. að innheimta þessa kostnaðar stæðist ákvæði reglugerðar nr. 1040/2005 og ákvæði raforkulaga. Með tölvupóstinum frá RARIK þann 6. desember fylgdi minnisblað LV, dags. 2. desember 2016, og kemur þar fram að óbreytt málstærð spennisins myndi þýða að aflflutningur frá nýrri vélasamstæðu við Bjarnarflag yrði ekki nægur til að hægt verði að fullnýta afkastagetu hennar. Af þeirri ástæðu óskaði LV eftir því að RARIK hlutast til um að stærð nýs spennis yrði 6,3 MVA en jafnframt var fyrirvarinn settur fram í þessu minnisblaði sem RARIK lýsti í tölvupóstinum 6. desember 2106.

Þann 17. september 2019 sendir Orkustofnun LN nýja fyrirspurn sem var um forsendur fyrir útreiknuðu tengigjaldi, það er á hvaða grundvelli viðbótarkostnaðurinn við framkvæmdina er innheimtur. Ítrekun á fyrirspurninni var send LN 1. október 2019. Svar barst ekki við fyrirspurninni.

Þann 24. júní 2020 sendi Orkustofnun LN enn á ný fyrirspurn um forsendur innheimtu á gjaldinu fyrir stækkun spennisins og var hún ítrekuð þann 10 júlí og 18. ágúst 2020. Svar barst við fyrirspurninni þann 31. ágúst 2020. Í svari LN til OS er ítrekuð sú afstaða fyrirtækisins að krafa LN á RARIK hafi ekki verið ígildi kerfisframlags og því hafi krafan ekki verið byggð á skilmálum netmála D3 um kerfisframlag. Krafan hafi verið byggð á 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 sem kveði á um greiðslu tengigjalds fyrir tengingar við flutningskerfið. LN tekur fram að tengigjöld sé ekki að finna í gjaldskrá fyrirtækisins „enda leiðir af raforkulögum að skil á milli flutningskerfis og viðskiptavinar liggja í rofareit tengivirkis þannig að viðskiptavinur á að kosta allar framkvæmdir við að tengjast rofareit í tengivirki LN“. Auk þess komi fram í gjaldskrá að óski kaupandi eftir viðbótarúttaki og/eða afhendingarspennu en tilgreind er í gjaldskránni, greiði hann viðbótarkostnað sem fylgi slíkum óskum.

Forsendur og niðurstaða

Flutningsfyrirtækinu ber skv. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði til þess og greiði tengigjald. Það er meginatriði að notendur sem valda viðbótarkostnaði í flutnings- og dreifikerfum skuli greiða fyrir hann, enda svo að þessi kostnaður lendi ekki á öðrum notendum þessara kerfa. Ennfremur má krefjast greiðslu við styrkingu á eða tengingu við raforkukerfi þegar forsendur viðskipta breytast verulega, til dæmis þegar notandi fer fram á aukin afköst tengingar eða aukin gæði sem veldur þörf á styrkingu sbr. 16. greinar reglugerðar nr. 1040/2005.

Í gjaldskrá LN, 3. gr. eru taldir upp afhendingarstaðir til dreifiveitna. Í 7. gr. 3. tl. gjaldskrárinnar, kemur fram að „Í sérhverjum afhendingarstað sem talinn er upp í 3 gr. leggur LN kaupanda til eitt úttak vegna úttektar á afhendingarspennu, sem tilgreind er í grein 3. Kaupandi skal greiða allan kostnað vegna viðbótarúttaks sem hann óskar eftir, svo og vegna annarrar afhendingarspennu en tilgreind er í gr. 3 og hann kann að óska eftir“.

Í eðli sínu er enginn munur á því hvort að dreifiveita óskar eftir breytingum á tengibúnaði við flutningskerfi LN vegna þarfa við að flytja orku inn á dreifiveitusvæði eða út af dreifiveitusvæði. Í þessu samhengi má benda á að RARIK hefur í gegnum tíðina óskað eftir breytingum á tengingum á afhendingarstöðum LN til að auka afhendingargetu og/eða öryggi afhendingar raforku inn á dreifiveitusvæði. Í slíkum tilfellum hefur RARIK greitt fyrir viðbótarkostnaðinn sem af slíkum breytingum hefur hlotist.

Í kvörtun RARIK virðist koma fram mismunandi skilningur aðila málsins. Þannig lítur RARIK á að um viðbótarkostnað vegna tengingar virkjunar sé að ræða og því hafi krafa LN verið byggð á því að verið væri að krefjast kerfisframlags á meðan LN lítur svo á að viðbótarkostnaðurinn sé vegna fjárfestingar vegna tengingar dreifiveitu við flutningskerfið.

Það er mat Orkustofnunar að viðbótarkostnaður LN sé tilkominn vegna beiðni RARIK um breytingu á tengingu dreifiveitu við flutningskerfi í tengipunkti Kröflu. RARIK hafði í þessu tilviki samþykkt að hlutast til um tengingu dreifikerfisins við flutningskerfið yrði breytt þannig að viðbótarkostnaður varð af þeirri ástæðu. Engu skiptir í þessu samhengi að RARIK varð við beiðni Landsvirkjunar í þessu tilliti. Það er eðlileg „umboðskeðja“ að ef vinnsluaðili tengist flutningskerfinu í gegnum dreifiveitu er það dreifiveitan sem fer með fjárhagsleg samskipti við flutningsfyrirtækið og ber ábyrgð á kostnaði sem fellur til vegna beiðni um breytingar á tengingu við flutningsfyrirtækið.

Ákvörðun

Það er ákvörðun Orkustofnunar, að krafa LN á hendur RARIK hafi í eðli sínu verið krafa um greiðslu kostnaðar fyrir búnað sem var umfram þá eiginleika sem skilgreindur er í gjaldskrá milli aðila. Krafa LN á hendur RARIK um greiðslu viðbótarkostnaðar vegna viðbótarbúnaðar í tengipunkti við Kröflu var því í samræmi 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003, 16. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga með síðari breytingum og gjaldskrá LN um hvernig með viðbótarkostnað vegna tengingar milli flutningskerfis og dreifiveitu skuli fara. LN var því í þessu ljósi, heimilt að krefja RARIK um greiðslu viðbótarkostnaðar sem hlaust af stækkun spennis á afhendingarstað í Kröflu, eins og kveðið er á um í gjaldskrá LN.

Stjórnvaldsákvörðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun.

Virðingafyllst


Guðmundur I Bergþórsson


Hanna Björg Konráðsdóttir

Afrit sent til: Landsnets hf.